

Tillaga
Afgreiðsla

A 1904/PRE
Forsætisnefnd

Nefndarálit um þingmannatillögu um að útbúa stefnuáætlun fyrir Norðurlandaráð

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu um

- að útbúa stefnuáætlun fyrir Norðurlandaráð

Bakgrunnur

Á fundi sínum hinn 7. september 2022 tók forsætisnefndin til meðferðar þingmannatillögu 1904/PRE frá flokkahópi miðjumanna um að útbúin yrði stefnuáætlun fyrir Norðurlandaráð. Umræðurnar leiddu í ljós að í forsætisnefnd væri almennur stuðningur við að vinna frekar að stefnuáætlun ef hún gæti haft norrænt notagildi og nýst sem gagnlegt verkfæri í framtíðinni.

Við meðferðina komu fram ólík sjónarmið um hvort vinna við mögulega stefnuáætlun skyldi fara fram að loknu endumati á Helsingforssamningnum.

Niðurstaðan var sú að forsætisnefndin samþykkti breytingartillögu Erkki Tuomiojas um að forsætisnefndin samþykkti að kalla eftir mati á hvort nauðsynlegt væri að uppfæra Helsingforssamninginn.

Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefndin leggur þess vegna til að Norðurlandaráði aðhafist ekki frekar varðandi þingmannatillögu A 1904/PRE um að útbúa stefnuáætlun fyrir Norðurlandaráð.

Forsætisnefndin mun undir sérstökum dagskrárlið á fundi nefndarinnar semja drög að forsætisnefndartillögu um að koma á fót nefnd til að vinna að og koma með tillögu um uppfærslu á Helsingforssamningnum.

Stokkhólmi, 24. janúar 2023

Jorodd Asphjell (A)
Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Heléne Björklund (S)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Hanna Katrín Friðriksson (Vr)
Heidi Greni (Sp)
Anders Adlercreutz (sfp)

Anna Falkenberg (Sb)
Helge Orten (H)
Maria Stockhaus (M)
Lars Püßs (M)
Lulu Ranne (saf)
Kathy Lie (SV)
Veronika Honkasalo (vinstri)